

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 27. mars 2026 í máli nr. 103/2025

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Hildur Ýr Viðarsdóttir lektor og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. júlí 2025 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að bifreið sem hann keypti af varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst þess að kaupunum verði rift og að varnaraðili endurgreiði sér kaupverð bifreiðarinnar. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili bæti honum greiddan viðgerðarkostnað. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 13. ágúst 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust kærunefndinni 22. ágúst 2025. Athugasemdir sóknaraðila bárust 29. sama mánaðar. Engar athugasemdir bárust frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, kaupsamningur, dags. 2. apríl 2024, staðfestingar á greiðslu kaupverðs, upplýsingar um eigendaferil bifreiðarinnar úr ökutækjaskrá, reikningur [...], dags. 10. júní 2025, afrit af tölvupóstsamskiptum sóknaraðila og [...], dags. 13. júní 2025, afrit af tölvupóstsamskiptum aðila máls og ljósmyndir sóknaraðila af gírkassa bifreiðarinnar.

Með bréfi, dags. 25. mars 2026, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á bifreiðinni [...] þann 2. apríl 2024 af varnaraðila. Hafði bifreiðinni verið ekið 108.458 km á kaupdegi. Sóknaraðili greiddi varnaraðila alls 2.150.000 krónur fyrir bifreiðina, með peningagreiðslu að fjárhæð 500.000 krónur og eftirstöðvarnar með lánsamningi. Í júní 2025 varð vart við bilun í gírkassa bifreiðarinnar. Var bifreiðin færð til skoðunar hjá bifreiðaverkstæðinu [...]. Leiddi sú skoðun meðal annars í ljós að gírkassi bifreiðarinnar væri ónýtur sökum tæringar. Var bráðabirgðaviðgerð framkvæmd af hálfu verkstæðisins. Áttu aðilar í skriflegum samskiptum í kjölfarið þar sem sóknaraðili óskaði eftir úrbótum af hálfu varnaraðila sökum þessa en varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili telur að gallinn á gírkassa bifreiðarinnar sé alvarlegur og að varnaraðili beri ábyrgð á honum samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Bendir sóknaraðili á það að gallans hafi verið vart og hann tilkynntur til varnaraðila innan tveggja ára frá afhendingu bifreiðarinnar. Hafi varnaraðili hins

vegar hafnað allri ábyrgð á gallanum, meðal annars á þeim forsendum að of langt hafi verið liðið frá afhendingu bifreiðarinnar þegar bilun í gírkassanum kom upp sem og að bifreiðin hafi verið seld sóknaraðila notuð. Telur sóknaraðili að þau rök leysi varnaraðila ekki undan ábyrgð í málinu. Þá kveðst sóknaraðili telja að gallann megi ekki rekja til eðlilegs slits eða notkunar bifreiðinnar á þeim 14 mánuðum sem liðir hafi verið frá afhendingu hennar.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa fengið bifreiðaverkstæðið [...] til að skoða bifreiðina og leiddi sú skoðun í ljós að veruleg tæring væri á ytra byrði gírkassans og hann í raun ónýtur. Samkvæmt mati verkstæðisins tæki slík tæring langan tíma að myndast, þó ekki hafi verið unnt að tímasetja það nákvæmlega. Þá hafi starfsmaður verkstæðisins upplýst sóknaraðila að tæringu af þessu tagi væri nánast ómögulegt að greina við venjulega skoðun kaupanda á bifreið. Kveðst sóknaraðili jafnframt hafa leitað til umboðsaðila framleiðanda bifreiðarinnar á Íslandi og fengið þær upplýsingar að hinn umþrætti galli væri óvenjulegur og kostnaður við úrbætur á honum kosti milljónir króna. Að mati sóknaraðila fari slíkur kostnaður bersýnilega úr hófi fram miðað við kaupverð bifreiðarinnar og geri því viðgerð óraunhæfan kost sem úrræði í máli þessu. Eina lögsmæta og sanngjarna niðurstaðan í máli þessu hljóti því að vera viðurkenning á riftun kaupanna og full endurgreiðsla kaupverðs, auk greiðslu eðlilegs kostnaðar sem sóknaraðili hafi haft af gallanum.

Þá telur sóknaraðili augljóst samkvæmt almennum reynslulögmálum að svo veruleg tæring á burðarhluta gírkassa geti ekki myndast á aðeins 14 mánuðum við eðlilega notkun. Beri sérstaklega að hafa í huga að gírkassahúsið sé úr áli, málmum sem sé almennt tæringarþolnara en stál eða járn, sem geri slíka skemmd enn ólíklegri nema orsökkin hafi verið til staðar við afhendingu bifreiðarinnar til sóknaraðila. Þá vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi aukinheldur ekki lagt fram nein sérfræðileg gögn sem sýni fram á að orsök bilunar hafi orðið til eftir afhendingu.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað enda telur hann sig ekki bera ábyrgð á hinum ætlaða galla í bifreiðinni. Í þessu sambandi bendir varnaraðili á að bilun hafi komið upp í bifreiðinni um 14 mánuðum frá afhendingu hennar til sóknaraðila. Því hvíli það á sóknaraðila að sýna fram á að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin en að mati varnaraðila hafi sóknaraðili ekki axlað þá sönnunarbyrði með framlagningu haldbærra gagna í málinu. Þá vísar varnaraðili til þess að hann hafi ekki haft neina vitneskju um ágalla á gírkassa bifreiðinnar við sölu hennar til sóknaraðila og bendir sérstaklega á að sóknaraðili hafi ekið bifreiðinni í um 14 mánuði án nokkurra vandkvæða áður en hinn ætlaði galli hafi komið upp.

Þá byggir varnaraðili á því að sóknaraðila hafi mátt vera ljóst við kaupin að bifreiðin væri níu ára gömul og ekin 108.458 km. Hafi sóknaraðili því borið ríka skoðunarskyldu á bifreiðinni við kaupin. Hefði sóknaraðili getað sinnt þeirri skyldu sinni með því að fara með bifreiðina í ástandsskoðun fyrir kaupin en það hafi hann hins vegar kosið að gera ekki. Þá vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi jafnframt mátt gera ráð fyrir því við kaupin, með hliðsjón af aldri bifreiðarinnar og akstri, að ýmist viðhald eða viðgerðir gætu komið til í kjölfar kaupanna.

IV

Lagaumhverfi

Um kaupin gilda ákvæði 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

*„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“*

Í b- og c-lið 1. mgr. 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 1. mgr. að við mat á því hvort söluhlutur sé gallaður skuli miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að ef annað sannast ekki skuli galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir á neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir á neytandann.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um þau vanefndaúrræði sem neytandi getur gripið til vegna galla á söluhlut en þau eru m.a. úrbætur eða ný afhending samkvæmt 29. og 30. gr., afsláttur samkvæmt 31. gr., riftun samkvæmt 32. gr. og skaðabætur samkvæmt 33. gr. nkpl.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni [...] af varnaraðila þann 2. apríl 2024 og greiddi fyrir hana alls 2.150.000 krónur. Um 14 mánuðum eftir kaupin bilaði bifreiðin. Færði sóknaraðili bifreiðar til skoðunar á verkstæði og var það mat skoðunaraðila að girkassi hennar væri ónýtur sökum tæringar. Var viðgerð til bráðabirgða framkvæmd á íhlutnum. Lýtur ágreiningur aðila að því hvort bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin sem varnaraðili beri ábyrgð á.

Í kaupsamningi og afsali vegna kaupa sóknaraðila á bifreiðinni, dags. 2. apríl 2024, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selt í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamnings aðila falla kaupin á bifreið sóknaraðila undir 17. gr. nkpl.

Að mati kæruneftndarinnar liggur ekkert fyrir í málinu sem rennir stoðum undir það að varnaraðili hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann þekkti til eða hlaut að þekkja til, sbr. b. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Þá telur nefndin vandséð að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. enda liggur ekki fyrir hvaða upplýsingar það gætu átt að hafa verið.

Stendur þá eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en sóknaraðili hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð eða atvik að öðru leyti, sbr. a. lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Hvílir það á sóknaraðila að sanna að gírkassi bifreiðarinnar hafi verið haldinn galla við kaupin þann 2. apríl 2024 sem var orsök þeirrar bilunar sem kom upp í júní 2025, eða 14 mánuðum eftir kaupin. Var bifreiðin níu ára við kaupin og hafði henni verið ekið 108.458 km.

Í reikningi vegna skoðunar og viðgerðar á bifreiðinni, dags. 10. júní 2025, er að finna bilana- og viðgerðarlýsingu frá [...] þar sem meðal annars segir: „Það lekur með pakkdósum utan á gírkassa. Kassinn er orðinn mjög tærður. Í raun er hann ónýtur vegna tæringar. Lítið sem ekkert eftir af sæti fyrir neðri pakkdósina. Það er meiri leki. Það lekur aðeins með eftir dósinni en það þarf að taka gírkassann úr til að skipta um hana. Sæti fyrir neðri dósina hreinsað og nýja pakkdósina límd í. Óvitað hvað þessi viðgerð dugir. Líklega ekki lengi. Ég skipti um olíu á kassanum...“. Þann 13. júní sendi sóknaraðili verkstæðinu tölvupóst og óskaði eftir skriflegri staðfestingu á faglegu mati þess á ástandi gírkassans, sérstaklega þá hvort umfang tæringar og skemmdar hafi þróast yfir lengri tíma, eða gæti talist sem eðlilegt slit sem gæti myndast á rúmlega einu ári við venjulega notkun bifreiðarinnar. Í svari verkstæðisins sama dag segir: „...Allt sem við höfum að segja í þessu máli stendur í reikningnum. Tæring er alltaf eitthvað sem gerist á lengri tíma. Hversu löngum getur enginn sagt nákvæmlega til um. Við getum ekki sagt til hvernig ástandið á þessu var þegar þú kaupir bílinn fyrir rúmu ári. En svo koma líka til skyldur kaupanda um skoðun á þeim hlut sem hann kaupir. Þetta eru alltaf erfið mál...“

Í málinu liggur ekkert fyrir sem bendir til þess að viðhaldi, umhirðu eða notkun varnaraðila eða sóknaraðila á bifreiðinni hafi verið áfátt. Hins vegar hafa ekki verið lögð fram fullnægjandi gögn í málinu sem staðreyna orsök bilunar í gírkassanum eða að hvaða leyti rekja megi bilunina til ástands bifreiðarinnar við kaupin eða framleiðslugalla. Verður hér jafnframt að hafa í huga að sóknaraðili ók bifreiðinni í um 14 mánuði uns bilunarinnar varð vart.

Eins og mál þetta er vaxið telur kæruneftndin ekki unnt að slá því föstu að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin né hvert umfang hans hafi verið á þeim tímamarki í skilningi a. liðar 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfum sóknaraðila.

VI Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson